

# Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

---

Svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs  
b.t. Fanneyjar Ásgeirsdóttur þjóðgarðsvarðar  
Klausturvegi 2  
880 Kirkjubæjarklaustri

netf. fanney@vjp.is

Skaftárhreppi, 21. maí 2020

## Efni: Svar við beiðni um svör við spurningum vegna Vonarskarðs

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi vísa til erindis Fanneyjar Ásgeirsdóttur þjóðgarðsvarðar, f.h. svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 6. apríl sl., þar sem óskað er svara við nokkrum spurningum er varða stýringu ferðamanna um Vonarskarð.

Stjórn Eldvatna þakkar erindið, en þ.e. umrætt svæði er utan starfssvæðis samtakanna telur hún rétt að taka ekki efnislega afstöðu til spurninganna. Hins vegar er það einlæg von stjórnarmanna að með þeirri vinnu sem nú stendur yfir takist að komast að góðri sameiginlegri niðurstöðu og ná þannig sátt um málefni Vonarskarðs, náttúruvernd á landinu til heilla til framtíðar.

F.h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Sigríður Droplaug Jónsdóttir  
varaformaður